

129. fundur skráningarráðs, haldinn þriðjudaginn 16. nóvember 2021 í Þjóðarbókhöllu kl. 11-12.50

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Helga Kristín Gunnarsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis, og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt
2. Kóðar í hljóðbókaskráningu – Aleph/Alma

Hallfríður gerði grein fyrir breytingum á skráningu hljóðbóka við flutning yfir í Ölm. Við yfirfærsluna fá hljóðbækur uppfært 008 svið en kóðarnir í Ölm hafa önnur gildi en í Aleph. Því þarf að taka ákvörðun um hvernig á að haga þessari kóðun og mappa milli gildisins í Aleph annars vegar (sæti 33 og 34) og Ölm hins vegar (sæti 30-31). Ákveðið var að Kristín Lilja í Landsbókasafni mundi finna aðferð og gera tillögu um breytta kóðun sem Hallfríður mun senda skráningarráði til umfjöllunar.

3. Nýtt bókasafnskerfi – staða mála

Sigrún greindi frá þeirri vinnu sem undanfarið hefur farið fram við undirbúning uppsetningar á nýju kerfi. Seinni gagnahleðslu (TL2) er nú lokið og mikil vinna framundan við prófanir. Rætt var um aðkomu og hlutverk skráningarráðs í þessu sambandi. Skráningarráð þarf að gegna ráðgefandi hlutverki og þarf því að kynna sér kerfið og gögnin.

4. Önnur mál.

Engin mál voru rædd.

Næsti fundur er fyrirhugaður þriðjudaginn 7. desember kl. 13 í Landskerfi.

Fundi slitið kl. 12.50